

## Paulinn 2024 - Fullorðnir og krakkar

### Pingmannahnjúkur

Pingmannahnjúkur er 662 m hár og húkir efst vestan í Vaðlaheiðinni norðan við Bíldsárskarð.

Af Eyjafjarðarbraut eystri er beygt inn á Knarrarbergsveg og því næst til vinstri inn á Veigastaðaveg til norðurs framhá Eyrarlandi að bílastæði norðan Stóragils þar sem gangan hefst. Er þá fylgt stikaðri gönguleið upp norðurbakka Stóragils þar til farið er suður yfir lækinn og áfram upp syðri bakkann þar til sveigt er til suðurs. Áfram er stikaðri leið fylgt um tún suður yfir Pingmannalækinn og á stikuðu leiðina um gamla Pingmannavegin. Þá er gengið upp gömlu sneiðingana sunnan lækjarins þar til komið er að skilti sem vísar á Pingmannahnjúkinn. Er þá vikið af gömlu slóðinni og gengið áfram upp á hnjúkinn sem blasir við.

Sama leið gengin til baka.

Vegalengd alls (fram og til baka) 7,5 km.

Gönguhækkun er 590 m.

Áætlaður göngutími er 3 - 4 klst.